STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1978



# REGLUGERÐ
## um verðbótaviðauka.

1. gr.

Hinn 1. mars 1978, 1. júní 1978, 1. sept. 1978 og 1. des. 1978 skulu verðbætur á laun hverju sinni hækka sem svarar helmingi þeirrar hækkunar verðbótavísitölu og verðbótaauka sem Kauplagsnefnd reiknar samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, að hafi átt sér stað frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili. Kauplagsnefnd tilkynnir opinberlega hvaða hækkanir skuli verða hverju sinni á verðbótum og verðbótaauka frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili.

2. gr.

Nái verðbætur á heildarlaun launþega í fullu starfi skv. 1. gr. ekki sem svarar 880 kr. á mánuði fyrir hvert 1% sem öll hækkun verðbótavísitölu að meðtöldum verðbótaauka hefur numið hverju sinni skal til viðbótar greiða verðbótaviðauka sem nemur því sem á vantar að 880 kr. markinu sé náð.

Fyrir launþega sem ekki eru í fullu starfi lækka viðmiðunarfjárhæðir skv. þessari grein hlutfallslega. Hugtakið fullt starf skal í hverju einstöku tilviki skilgreina skv. ákvæðum gildandi kaup og kjarasamnings stéttarfélags viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda.

Varðandi þá sem vinna einstaka daga eða hluta úr mánuði hjá viðkomandi vinnuveitanda skal beita reglum 1. mgr. þessarar greinar með þeim hætti að fundið skal hver verið hefðu heildarlaun þeirra ef þeir hefðu unnið með sama hætti heilan mánuð. Eigi þeir rétt til verðbótaviðauka skv. því greiðist hann í hlutfalli við þann dagafjölda sem viðkomandi hefur unnið.

Heildarverðbætur skv. þessari grein og 1. gr. skulu aldrei verða hærri en fullar verðbætur hefðu orðið fyrir gildistöku laga nr. 3/1978.

3. gr.

Með heildarlaunum skv. 2. gr. skal auk dagvinnulauna telja allar aðrar launatekjur launþegans svo sem yfirvinnu, næturvinnu, vaktaálag, bónusgreiðslur, ákvæðisgreiðslur og hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna.

a) Sem dæmi um álög sem telja skal til launa í þessu sambandi eru: aldurshækkanir, starfsþjálfunarhækkun, löggildingarálag, námskeiðsálag, verkstjóraálag, flokkstjóraálag, óþrifaálag, yfirborgun, viðgerða- og breytingaálag, þungaálag, tengivagnaálag, hæðarálag, erfiðisálag, mótortillegg, kælitillegg, talstöðvartillegg, olíutillegg, fjarverutillegg. Upptalning þessi er ekki tæmandi heldur aðeins leiðbeinandi.
b) Sem dæmi um greiðslur (kaupauka) sem geta svarað með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna og teljast þá



Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

ekki til heildarlauna þegar skoðað er, hvort greiða skuli verðbótaviðauka eru t. d.: verkfærapeningar, bifreiðagjald, fæðispeningar, fatapeningar, fataþvottapeningar.

Þetta gildir þó aðeins að því marki sem greiðslur þessar eru endurgreiðsla á raunverulegum útlögðum kostnaði launþega.

4. gr.

Ekki skal verðbótaviðaukinn talinn til mánaðarlauna, vikukaups eða dagvinnukaups þegar reiknaðir eru taxtar, álög, afleiddir taxtar eða kaupaukar sem leiddir eru af launum þessum, enda er réttur til verðbótaviðauka persónubundinn hverju sinni.

Varðandi orlofsuppgjör, lífeyrissjóðsgreiðslur o. þ. u. l. skal farið með verðbótaviðauka á sama hátt og yfirvinnu.

5. gr.

Gjalddagi verðbótaviðauka fyrir tiltekið tímabil er gjalddagi fullnaðarlaunauppgjörs fyrir sama tímabil til viðkomandi launþega skv. lögum, samningum eða venju á viðkomandi vinnustað. Þegar fullnaðaruppgjör launa fyrir umsamið greiðslutímabil fer fram, skal metið hvort launþegi hefur fengið lágmarksverðbætur eftir 1. mars 1978 fyrir það greiðslutímabil í samræmi við ákvæði 2. gr. og skal þá greiða launþega verðbótaviðauka ef á vantar.

Hjá launþega í fullu starfi sem tekur laun eftir samningum sem kváðu á um krónutöluverðbætur 1. des. 1977 (verðbótakerfi ASÍ), þarf ekki að hyggja að þessum rétti ef launþeginn hefur náð sem svarar 169 000 kr. heildarmánaðarlaunum á tímabilinu 1. mars 1978 — 31. maí 1978, og hjá launþega í fullu starfi sem tekur laun eftir samningum sem kváðu á um prósentuverðbætur 1. des. 1977 þarf ekki að hyggja að þessum rétti ef launþeginn hefur náð sem svarar 186 000 kr. heildarmánaðarlaunum á tímabilinu 1. mars — 31. maí 1978.

Frá 1. mars til 31. maí 1978 má nota eftirfarandi tölur til ákvörðunar verðbótaviðauka til launþega í fullu starfi:

**Verðbótaviðauki til þeirra launþega sem fengu krónutöluverðbætur á tímabilinu 1. des. 1977 til 28. feb. 1978.**

A. Tafla miðuð við heildarmánaðarlaun mars, apríl og maí 1978.

| Heildar-mánaðarlaun | Verðbóta-viðauki | Heildar-mánaðarlaun | Verðbóta-viðauki |
|---|---|---|---|
| 78— 78.999 | 5898 | 92— 92.999 | 4991 |
| 79— 79.999 | 5833 | 93— 93.999 | 4926 |
| 80— 80.999 | 5768 | 94— 94.999 | 4861 |
| 81— 81.999 | 5703 | 95— 95.999 | 4796 |
| 82— 82.999 | 5639 | 96— 96.999 | 4731 |
| 83— 83.999 | 5574 | 97— 97.999 | 4667 |
| 84— 84.999 | 5509 | 98— 98.999 | 4602 |
| 85— 85.999 | 5444 | 99— 99.999 | 4537 |
| 86— 86.999 | 5379 | 100—100.999 | 4472 |
| 87— 87.999 | 5315 | 101—101.999 | 4407 |
| 88— 88.999 | 5250 | 102—102.999 | 4342 |
| 89— 89.999 | 5185 | 103—103.999 | 4278 |
| 90— 90.999 | 5120 | 104—104.999 | 4213 |
| 91— 91.999 | 5055 | 105—105.999 | 4148 |

| Heildar-mánaðarlaun | Verðbóta-viðauki | Heildar-mánaðarlaun | Verðbóta-viðauki |
|---|---|---|---|
| 106—106.999 | 4083 | 138—138.999 | 2009 |
| 107—107.999 | 4018 | 139—139.999 | 1945 |
| 108—108.999 | 3954 | 140—140.999 | 1880 |
| 109—109.999 | 3889 | 141—141.999 | 1815 |
| 110—110.999 | 3824 | 142—142.999 | 1750 |
| 111—111.999 | 3759 | 143—143.999 | 1685 |
| 112—112.999 | 3694 | 144—144.999 | 1621 |
| 113—113.999 | 3630 | 145—145.999 | 1556 |
| 114—114.999 | 3565 | 146—146.999 | 1491 |
| 115—115.999 | 3500 | 147—147.999 | 1426 |
| 116—116.999 | 3435 | 148—148.999 | 1361 |
| 117—117.999 | 3370 | 149—149.999 | 1296 |
| 118—118.999 | 3306 | 150—150.999 | 1232 |
| 119—119.999 | 3241 | 151—151.999 | 1167 |
| 120—120.999 | 3176 | 152—152.999 | 1102 |
| 121—121.999 | 3111 | 153—153.999 | 1037 |
| 122—122.999 | 3046 | 154—154.999 | 972 |
| 123—123.999 | 2981 | 155—155.999 | 908 |
| 124—124.999 | 2917 | 156—156.999 | 843 |
| 125—125.999 | 2852 | 157—157.999 | 778 |
| 126—126.999 | 2787 | 158—158.999 | 713 |
| 127—127.999 | 2722 | 159—159.999 | 648 |
| 128—128.999 | 2657 | 160—160.999 | 584 |
| 129—129.999 | 2593 | 161—161.999 | 519 |
| 130—130.999 | 2528 | 162—162.999 | 454 |
| 131—131.999 | 2463 | 163—163.999 | 389 |
| 132—132.999 | 2398 | 164—164.999 | 324 |
| 133—133.999 | 2333 | 165—165.999 | 260 |
| 134—134.999 | 2269 | 166—166.999 | 195 |
| 135—135.999 | 2204 | 167—167.999 | 130 |
| 136—136.999 | 2139 | 168—168.999 | 65 |
| 137—137.999 | 2074 | | |

B. Tafla miðuð við heildarvikulaun frá 1. mars til 31. maí 1978.

| Heildar-vikulaun | Verðbóta-viðauki | Heildar-vikulaun | Verðbóta-viðauki |
|---|---|---|---|
| 18000—18249 | 1363 | 21250—21499 | 1152 |
| 18250—18499 | 1347 | 21500—21749 | 1136 |
| 18500—18749 | 1331 | 21750—21999 | 1120 |
| 18750—18999 | 1314 | 22000—22249 | 1104 |
| 19000—19249 | 1298 | 22250—22499 | 1088 |
| 19250—19499 | 1282 | 22500—22749 | 1071 |
| 19500—19749 | 1266 | 22750—22999 | 1055 |
| 19750—19999 | 1250 | 23000—23249 | 1039 |
| 20000—20249 | 1233 | 23250—23499 | 1023 |
| 20250—20499 | 1217 | 23500—23749 | 1007 |
| 20500—20749 | 1201 | 23750—23999 | 990 |
| 20750—20999 | 1185 | 24000—24249 | 974 |
| 21000—21249 | 1169 | 24250—24499 | 958 |

| Heildar-vikulaun | Verðbóta-viðauki | Heildar-vikulaun | Verðbóta-viðauki |
|---|---|---|---|
| 24500—24749 | 942 | 32000—32249 | 456 |
| 24750—24999 | 926 | 32250—32499 | 439 |
| 25000—25249 | 909 | 32500—32749 | 423 |
| 25250—25499 | 893 | 32750—32999 | 407 |
| 25500—25749 | 877 | 33000—33249 | 391 |
| 25750—25999 | 861 | 33250—33499 | 375 |
| 26000—26249 | 845 | 33500—33749 | 358 |
| 26250—26499 | 828 | 33750—33999 | 342 |
| 26500—26749 | 812 | 34000—34249 | 326 |
| 26750—26999 | 796 | 34250—34499 | 310 |
| 27000—27249 | 780 | 34500—34749 | 294 |
| 27250—27499 | 764 | 34750—34999 | 277 |
| 27500—27749 | 747 | 35000—35249 | 261 |
| 27750—27999 | 731 | 35250—35499 | 245 |
| 28000—28249 | 715 | 35500—35749 | 229 |
| 28250—28499 | 699 | 35750—35999 | 213 |
| 28500—28749 | 683 | 36000—36249 | 196 |
| 28750—28999 | 666 | 36250—36499 | 180 |
| 29000—29249 | 650 | 36500—36749 | 164 |
| 29250—29499 | 634 | 36750—36999 | 148 |
| 29500—29749 | 618 | 37000—37249 | 132 |
| 29750—29999 | 602 | 37250—37499 | 115 |
| 30000—30249 | 585 | 37500—37749 | 99 |
| 30250—30499 | 569 | 37750—37999 | 83 |
| 30500—30749 | 553 | 38000—38249 | 67 |
| 30750—30999 | 537 | 38250—38499 | 51 |
| 31000—31249 | 520 | 38500—38749 | 34 |
| 31250—31499 | 504 | 38750—38999 | 18 |
| 31500—31749 | 488 | 39000—39249 | 2 |
| 31750—31999 | 472 | | |

## Verðbótaviðauki til þeirra launþega sem fengu prósentuverðbætur á tímabilinu 1. des. 1977 til 28. feb. 1978.

C. Tafla miðuð við heildarmánaðarlaun á tímabilinu 1. mars til 31. maí 1978.

| Heildar-mánaðarlaun | Verðbóta-viðauki | Heildar-mánaðarlaun | Verðbóta-viðauki |
|---|---|---|---|
| 89— 89.999 | 4867 | 101—101.999 | 4261 |
| 90— 90.999 | 4817 | 102—102.999 | 4211 |
| 91— 91.999 | 4766 | 103—103.999 | 4160 |
| 92— 92.999 | 4716 | 104—104.999 | 4110 |
| 93— 93.999 | 4665 | 105—105.999 | 4059 |
| 94— 94.999 | 4615 | 106—106.999 | 4009 |
| 95— 95.999 | 4564 | 107—107.999 | 3958 |
| 96— 96.999 | 4515 | 108—108.999 | 3908 |
| 97— 97.999 | 4463 | 109—109.999 | 3857 |
| 98— 98.999 | 4413 | 110—110.999 | 3807 |
| 99— 99.999 | 4362 | 111—111.999 | 3756 |
| 100—100.999 | 4312 | 112—112.999 | 3706 |

| Heildar-mánaðarlaun | Verðbóta-viðauki |
|---|---|
| 113—113.999 | 3655 |
| 114—114.999 | 3605 |
| 115—115.999 | 3554 |
| 116—116.999 | 3503 |
| 117—117.999 | 3453 |
| 118—118.999 | 3402 |
| 119—119.999 | 3351 |
| 120—120 999 | 3301 |
| 121—121.999 | 3251 |
| 122—122.999 | 3200 |
| 123—123.999 | 3150 |
| 124—124.999 | 3099 |
| 125—125.999 | 3049 |
| 126—126.999 | 2998 |
| 127—127.999 | 2948 |
| 128—128.999 | 2897 |
| 129—129.999 | 2847 |
| 130—130.999 | 2796 |
| 131—131.999 | 2746 |
| 132—132.999 | 2695 |
| 133—133.999 | 2645 |
| 134—134.999 | 2594 |
| 135—135.999 | 2544 |
| 136—136.999 | 2493 |
| 137—137.999 | 2443 |
| 138—138.999 | 2392 |
| 139—139.999 | 2342 |
| 140—140.999 | 2291 |
| 141—141.999 | 2241 |
| 142—142 999 | 2190 |
| 143—143.999 | 2140 |
| 144—144.999 | 2089 |
| 145—145.999 | 2039 |
| 146—146.999 | 1988 |
| 147—147.999 | 1938 |
| 148—148 999 | 1887 |
| 149—149.999 | 1837 |

| Heildar-mánaðarlaun | Verðbóta-viðauki |
|---|---|
| 150—150.999 | 1786 |
| 151—151.999 | 1736 |
| 152—152.999 | 1685 |
| 153—153 999 | 1635 |
| 154—154.999 | 1584 |
| 155—155.999 | 1533 |
| 156—156.999 | 1483 |
| 157—157.999 | 1432 |
| 158—158.999 | 1382 |
| 159—159 999 | 1331 |
| 160—160.999 | 1281 |
| 161—161.999 | 1230 |
| 162—162.999 | 1180 |
| 163—163.999 | 1129 |
| 164—164 999 | 1079 |
| 165—165.999 | 1028 |
| 166—166.999 | 987 |
| 167—167.999 | 927 |
| 168—168.999 | 877 |
| 169—169.999 | 826 |
| 170—170 999 | 776 |
| 171—171.999 | 725 |
| 172—172.999 | 675 |
| 173—173.999 | 624 |
| 174—174.999 | 574 |
| 175—175 999 | 523 |
| 176—176.999 | 473 |
| 177—177.999 | 422 |
| 178—178.999 | 372 |
| 179—179.999 | 321 |
| 180—180.999 | 271 |
| 181—181.999 | 222 |
| 182—182.999 | 170 |
| 183—183.999 | 119 |
| 184—184.999 | 69 |
| 185—185.999 | 18 |

Töflur þær sem hér eru tilgreindar eru miðaðar við heildarmánaðarlaun, eða heildarvikulaun. Ef greiðslutímabil er annað þarf að reikna það út sérstaklega miðað við mánaðar- eða vikuuppgjör ef nota á töflurnar.

6. gr.

Kauplagsnefnd gefur út töflur til leiðbeiningar um ákvörðun verðbótaviðauka í upphafi hvers þriggja mánaða greiðslutímabils frá og með 1. júní 1978.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum í 2. gr. laga nr. 3/1978 og hefur sama gildistíma og lögin.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinberra mála.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Uppgjör verðbótaviðauka til vikukaupsfólks fyrir vinnu sem fallið hefur á dagana 1. til 5. mars 1978 má fara fram með uppgjöri fyrir fyrstu heilu vikuna í mars 1978.

*Forsætisráðuneytið, 7. mars 1978.*

**Geir Hallgrímsson.**

*Björn Bjarnason.*